

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 27. feb. 2019.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Gíslason, Guðmundur Grétar Karlsson og Andri Steinn Hilmarsson.

Einnig sátu fundinn René Biazzone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Reykjanes Geopark

Rætt um mögulegt samstarf við Reykjanes Geopark í framhaldi af kynningu framkvæmdastjóra jarðvangsins og forstöðumanns Markaðstofu Reykjaness á síðasta fundi. Ýmislegt kæmi til greina en stjórnin var sammála um að samstarf ætti vera í formi samstarfssamnings, líklega um ákveðin verkefni eins og t.d. landvörslu en einnig mætti hafa samstarf um samskipti við ríkisvaldið.

Áður en farið væri í formlegt samstarf við jarðvanginn er nauðsynlegt að ljúka því að vinna samstarfssamning um Reykjanesfólkvang milli aðildarsveitarfélaganna sem rætt var um í síðustu stjórn. Samstarfssamning yrði að samþykkja formlega hjá sveitarstjórnunum.

2. Vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi

Kynnt drög að aðgerðaáætlun til að sporna við útbreiðslu lúpínu í fólkvanginum. Drög að aðgerðaráætlun byggir á skýrslu Sjálfboðaliðasamtaka í náttúruvernd um vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi 2013-2018 sem lögð var fram í fólkvangsstjórninni.

Á fundinum komu fram ýmsar athugasemdir ekki síst varðandi að leggja þyrfti eitthvert mat á umfang aðgerða s.s. kostnað og/eða fjölda dagsverka.

Endurskoðuð aðgerðaáætlun verður lögð fram á næsta fundi.

3. Skýrsla landvarðar

Lögð fram skýrsla landvarðar fyrir 2018.

Umræðum frestað.

4. Stjórnin samþykkti að óska eftir fundi með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um málefni fólkvangsins.

Næstu fundir 20. mars, ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:30